



Fundur í Hafnarnefnd

9. aukafundur Hafnarnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu sveitarstjóra, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn föstudaginn 10. júní 2016 og hófst kl 13:00.

Mættir voru: Halldór Stefánsson formaður, Rafn Jónsson, Jaroslaw T. L.Radtke hafnarvörður og Elías Pétursson hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki

Dagskrá:

1. Grynningar í höfninni

Hafnarstjóri fór yfir og kynnti málið. Á 48. fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar, dags. 9. Júní 2016, heimilaði sveitarstjórn dýpkunarframkvæmd að kr. 9,7 millj. en grynningar eru sem nauðsynlegt er að taka. Dýpkunarprammi er á svæðinu og því mikilvægt að vinna málið hratt. Hafnarstjóri hefur lagt mikla vinnu í að fá fjármuni í verkið og hefur Vegagerðin samþykkt að veita 800 þúsund krónum í það. Ekki reyndist mögulegt að fá úr sjóði Vegagerðarinnar sem ætlað er að greiða fyrir viðhaldsdýpkun því verkið telst sem stofndýpkun.

2. Rekstur Langaneshafna fyrstu fjóra mánuði ársins

Hafnarstjóri fór yfir uppgjör fyrstu fjóra mánuði ársins. Ljóst er að tekjuáætlanir standast ekki vegna brests í loðnuveiðum.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 13:45